Móttekið: 27.3.2024

# Hvatningarsjóður fyrir unga hönnuði og listamenn

Hér á vef Garðabæjar er að finna upplýsingar og fræðslu um persónuvernd hjá Garðabæ

Einstaklingar og hópar geta sótt um styrk til hvers kyns listviðburða eða verkefna, á þessu ári og næsta ári. Tekið verður sérstaklega tillit til verkefna/viðburða sem fara fram í Garðabæ og efla menningarlíf bæjarins. Þeir einstaklingar koma til greina við úhlutun styrkja sem hafa fasta búsetu (lögheimili) í Garðabæ og eru á aldrinum 15-25 ára. Hópar sem fá styrk verða samansettir af einstaklingum þar sem meirihluti hefur fasta búsetu í Garðabæ.

## Umsækjandi

Nafn
Þórey María E. Kolbeins

Kennitala
0904083130

Heimilisfang
Hólmatún 25

Póstnúmer
225

Sími
6610533

Farsími

Netfang
thmkolbeins@gmail.com

Heimasíða

## Menntun

Tilgreinið skóla, hvaða nám/námsbraut og hvort námi sé lokið

Ég hef lært á hljóðfæri síðan ég var í skólahóp á leikskóla. En þá stundaði ég nám í Suzuki píanóleik í Tónlistarskóla Garðabæjar. Þegar ég byrjaði í 4. bekk (árið 2017) hóf ég nám mitt í klarinettleik einnig í Tónlistarskóla Garðabæjar. Haustið 2023 hóf ég nám í Menntaskóla í tónlist (MÍT) á klarinett.

Eins og staðan er núna er ég því með grunnpróf í píanóleik, miðpróf í klarinettuleik og tónfræði en auk þess er ég búin með nokkra framhaldsáfanga í tónlist eins og tónheyrn og hljómfræði.

Meðfram MÍT er ég í 10. bekk í Álftanesskóla en einnig er ég að taka áfanga í FG og Versló, einmitt núna er ég á þriðja áfanganum mínum í íslensku í FG, öðrum áfanganum í stærðfræði í FG og dönskuáfanga í Versló.

## Starfsreynsla

Sem tengist listum

Í gegnum tónlistarferil minn hef ég fengið að taka þátt í ýmsum námskeiðum, spilað á fjölda viðburða og tónleikum. Til dæmis hef ég spilað á klarinettið með allskyns hljómsveitum eins og Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Sinfóníuhljómsveit MÍT og fleiri hljómsveitum. Ég hef líka komið fram í einleik á ýmsum stöðum eins og á Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, Hörpunni og á fleiri stöðum. Einnig hef ég unnið verðlaun og viðurkenningar fyrir tónlistarverkefnin sem ég hef tekið þátt í eins og í píanókeppni EPTA árið 2016 lenti ég í 2. sæti í mínum flokki svo í Upptaktinum árið 2023 var verkið mitt valið til flutnings af atvinnutónlistarfólki á tónleikum í Hörpu.

En þar sem verkefnið sem ég er að óska eftir styrk fyrir snýst ekki bara út á færni í tónlist heldur líka í ritlist þá vil ég líka nefna það að ég hef ákaflega gaman af íslensku máli og hef fyrir skrif mín fengið ýmsar viðurkenningar eins og í textasamkeppninni Fernuflug (2023) og textasamkeppni Sameinuðu þjóðanna (2024).

Ég er mjög skipulögð og dugleg að framkvæma það sem mér dettur í hug eins og sumarið 2020 og 2021 prjónaði ég til styrktar góðs málefnis ásamt vinkonu minni og stofnuðum við prjóna ,,fyrirtækið" Maríuerla þar sem við gerðum okkar eigin heimasíðu og seldum prjónavörur til styrktar UNICEF. Hér má sjá heimasíðuna sem við gerðum fyrir verkefnið: https://mariuerlaprjon.wixsite.com/website

## Forráðamaður

Fyllist út ef umsækjandi er yngri en 18 ára

| Nafn | Kennitala |
|---|---|
| Dagný Marinósdóttir | 2811794899 |

| Netfang | Sími |
|---|---|
| dagnymarinosdottir@gmail.com | 6942778 |

## Sótt er um vegna

Merkið við viðeigandi reiti

- [x] Tónleikahalds
- [ ] Sýningarhalds
- [ ] Útgáfu á verkum
- [ ] Verkefni verður unnið í Listahóp/Skapandi sumarhóp hjá Garðabæ í sumar
- [ ] Annað

Annað, hvað

## Lýsing á verkefni sem sótt er um styrk til

Með verkefninu mínu vil ég blanda þrennu saman sem vekur töluverðan áhuga hjá mér en það er tónlist, ritlist og menning. En hugmyndin er sú að í sumar mun ég vinna að því að æfa og útsetja á klarinett og píanó nokkur verk eftir þekkt tónskáld eða þekkta listamenn frá Álftanesi. Sem dæmi má nefna Gunnstein Ólafsson, Tryggva M. Baldvinsson, Karólínu Eiríksdóttur, John A. Speight og jafnvel einhverja fleiri. Einnig myndi ég skrifa ágrip um hvern og einn listamann og jafnvel taka viðtal við einhverja af þeim. Þá myndi ég setja saman þær upplýsingar í bækling. Í lok sumars myndi ég svo sýna uppskeruna með tónleikum þar sem gestir og gangandi gætu fengið að kynnast þeim mikla tónlistararfi sem Álftnesingar eiga í gegnum tónlistina en líka með því að skoða bæklinginn. Mögulega mun ég fá fleiri hljóðfæraleikara til liðs við mig til þess að flytja tónlistina.

## Hvenær fer verkefnið fram og hvar

Vinnan að verkefninu færi fram í júní og júlí en uppskeran yrði þá að öllum líkindum sýnd í lok júlí eða byrjun ágúst.

## Hverjir taka þátt í verkefninu

Ef umsækjendur eru fleiri en einn - nöfn, kennitölur, og símanúmer

Mögulega fleiri hljóðfæraleikarar.

Styrkupphæð sem sótt er um

256.520 kr.

## Kostnaðaráætlun

Einkatímar hjá tónlistarkennara sirka 3-5x = 50.000 kr.
Prentun á bæklingunum = 15.000 kr.
Vinnukaup (ef við gerum ráð fyrir að ég æfi og vinn að verkefninu í það minnsta í 4 klst á dag, 5 daga vikunnar og 2 klst á dag 2 daga vikunnar (um helgar til þess að halda mér í formi á hljóðfærunum) í 6 vikur á tímakaupi unglingavinnunnar) = 191520 kr.*
Samtals upphæð = 256.520 kr.

*Ef fleiri hljóðfæraleikarar bætast við verkefnið verður þetta vinnukaup notað til þess að launa þeim líka. Einnig gæti verið að ég noti það til þess að borga fyrir tölvuforrit til þess að hanna bæklinginn og þess háttar hluti svo það er afskaplega ólíklegt að þetta fari allt saman beint í vasann minn ;)

Til þess að hafa það á hreinu þá er ég alveg opin fyrir hverskyns breytingum á kostnaðaráætlun og styrkupphæð!

Meðmælendur

Nafn, starfsheiti, símanúmer t.d. kennarar eða aðrir

Birkir Örn Hafsteinsson (klarinettkennari). S. 690-9972

Annað sem viðkomandi vill koma á framfæri

Markmiðið með verkefninu mínu er auðvitað fyrst og fremst að búa til skemmtilegan og fræðslurίkan viðburð í Garðabæ og til þess að fræða fólk um það hve ofboðslega flott tónlistarfólk við Garðbæingar og Álftnesingar erum svo heppin að eiga. Því væri mjög gaman að geta haldið tónleikana í söguríku húsi hér á Álftanesinu eins og til dæmis á Bjarnastöðum, Hliði, Bessastaðakirkju eða á öðrum slíkum stað.

Fylgiskjöl með umsókn

Smelltu á "Browse..." hnappinn til að velja skrá til að senda með sem viðhengi

Vinsamlegast athugið að Garðabæ ber að varðveita öll skjöl og gögn í samræmi við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og er afhendingarskyldur aðili til Þjóðskjalasafns í skilningi laganna.

Um umsóknina

**Staðfestingarnúmer:** 55911

**Staðfestingarmáti:** Rafræn símaskilríki í gegnum island.is

**Dagsetning:** 27.3.2024 11:17:24